



Skattalaga- breytingar

Skattadagur KPMG

25. janúar 2024



Lög samþykkt á Alþingi 2023

- 01** Lög nr. 42/2023 um breytingu á ýmsum lögum um skatta og gjöld
- 02** Lög nr. 51/2023 um breytingu á lögum um virðisaukaskatt, lögum um skyldutryggingu lífeyrisréttinda og starfsemi lífeyrissjóða og lögum um tekjuskatt.
- 03** Lög nr. 100/2023, um breytingu á ýmsum lögum vegna fjárlaga fyrir árið 2024.
- 04** Lög nr. 101/2023, um kílómetragjald vegna notkunar hreinorku- og tengiltvinnbifreiða.
- 05** Lög nr. 102/2023, um breytingu á ýmsum lögum um skatta og gjöld o.fl.
- 06** Lög nr. 94/2023, um sértækan húsnæðisstuðning vegna náttúruhamfara í Grindavíkurbæ.

01

Einstaklingar

Skattþrep og persónuafsláttur

Þrepamörk og persónuafsláttur hækka um 8,8% á milli ára.

Skatthlutföll einstaklinga í staðgreiðslu hækka um 0,03% á milli ára.

Meðalútsvar hækkaði úr 14,67% í 14,93% eða um 0,26%.

Tekjuskattshlutföll lækkuðu um 0,23% í kjölfar samkomulags ríkis og sveitarfélaga um breytingu á fjármögnun lögbundinnar þjónustu sveitarfélaga við fatlað fólk.

Hámarksútsvar er nú 14,97%.



Dæmi

Tekjuskattstofn á mánuði		206.245	750.000	1.500.000	
Af tekjum 0 - 446.136 kr.	31,48%	64.926	140.444	140.444	
Af tekjum 446-137 - 1.252.501 kr.	37,98%	0	115.408	306.257	
Af tekjum yfir 1.252.501 kr.	46,28%	0	0	114.543	
Persónuafsláttur		-64.926	-64.926	-64.926	
Staðgreiðsla		0	190.925	496.317	2024
Af tekjum 0 - 409.986 kr.	31,45%	64.864	128.941	128.941	
Af tekjum 409.987 - 1.151.012 kr.	37,95%	0	129.035	281.219	
Af tekjum yfir 1.151.012 kr.	46,25%	0	0	161.407	
Persónuafsláttur		-59.665	-59.665	-59.665	
Staðgreiðsla		5.199	198.311	511.902	2023
Mismunur		5.199	7.385	15.584	

Barnabætur

Tegund greiðslu	Einstætt foreldri	Hjón og sambýlisfólk
Barnabætur með hverju barni	460.000 kr.	310.000 kr.
Viðbót með hverju barni yngri en 7 ára	130.000 kr.	130.000 kr.

Skerðingar	Einstætt foreldri	Hjón og sambýlisfólk
Skerðingarmörk vegna tekna umfram	4.893.000 kr. á ári	9.785.000 kr. á ári
Skerðingarhlutfall á hvert barn	5%	5%
Skerðing á viðbót vegna barna yngri en 7 ára	5%	5%

Vaxtabætur

	Skerðingarmörk hreinnar eignar	Vaxtabætur falla niður ef hrein eign er umfram
Hjá einhleypingi/einstæðu foreldri	7.500.000 kr.	12.000.000 kr.
Hjá hjónum/sambúðarfólki	12.000.000 kr.	19.200.000 kr.

	Hámark vaxtabóta	Hámark vaxtagjalda til útreiknings vaxtabóta
Fyrir einhleyping	420.000 kr.	840.000 kr.
Fyrir einstætt foreldri	525.000 kr.	1.050.000 kr.
Fyrir hjón og sambúðarfólk	630.000 kr.	1.260.000 kr.

Hitt og þetta

	Verður	Var
Útvarpsgjald	20.900 kr.	20.200 kr.
Gjald í framkv.sjóð aldraðra	13.749 kr.	13.284 kr.
Skattfrelsismark erfðafjárskatts	6.203.409 kr.	5.757.759 kr.

Endurgreiðsla virðisaukaskatts vegna vinnu manna

Endurgreiðsluhlutfall var lækkað úr 60% í 35% þann 1. júlí 2023.

Hægt er að sækja um endurgreiðslu vegna eldri tímabila næstu sex ár frá því endurgreiðsluréttur stofnaðist.

- i. Endurgreiðsluhlutfall var 60% vegna framkvæmda sem féllu til á tímabilinu 1. september 2022 – 30. júní 2023.
- ii. Endurgreiðsluhlutfall var 100% vegna framkvæmda sem féllu til á tímabilinu 1. mars 2020 til 31. ágúst 2022.



Séreignasparnaður

Heimild til að ráðstafa viðbótariðgjaldi til séreignasparnaðar inn á höfuðstól lána var framlengd til loka árs 2024.

Kilómetragjald

Skatturinn nær aðeins til fólks- og sendibifreiða.

Gjaldskylda hvílir á skráðum eiganda bifreiðar.

Gjaldskylda mun þó hvíla á umráðamanni bifreiðar samkvæmt samningi um eigna- eða fjármögnunarleigu.

- › Umráðamaður og skráður eigandi slíkrar bifreiðar bera óskipta ábyrgð á greiðslu gjaldsins.

6 kr.

fyrir hvern kílómetra af bifreiðum sem alfarið eru knúnar rafmagni eða vetni

2 kr.

fyrir hvern kílómetra af tengiltvinnbifreiðum

Kilómetragjald – erlendis skráðar bifreiðar

Gjaldskylda vegna bifreiðar skráðrar erlendis hvílir á innflytjenda hennar.

- › Gjaldið af bifreiðum sem alfarið eru knúnar rafmagni eða vetni er 600 kr. á dag og af tengiltvinnbifreiðum 200 kr. á dag.

Farmflytjandi skal innheimta gjaldið fyrir eða við komu til landsins miðað við áætlaðan notkunartíma á landinu.

- › Það gjald skal leiðrétt við för af landi brott.

Innflytjandi getur þó óskað eftir að að gjaldið verði ákvarðað fyrir hvern ekinn kílómetra, eins og af bifreiðum skráðum á Íslandi.



Erlendis búsettir

Kveðið á um að skattskylda erlendis búsettra manna tæki ekki aðeins til launa frá íslenskum fyrirtækjum heldur einnig til launa frá **hérendum föstum starfsstöðvum erlendra fyrirtækja og jafnframt var kveðið á um að skattskylda launanna væri óháð því hvort unnið væri fyrir þeim hér á landi eða erlendis.**

Kveðið á um skattskyldu erlendra manna og lögaðila af **gjöfum**, öðrum en tækifærisgjöfum, frá íslenskum aðilum eða föstum starfsstöðvum hér á landi.

Skattlagningin skal vera sem hér segir:

- › Ef gjafþegi er maður skal hann sæta þriggja þrepa skattlagningu án persónuafsláttar.
- › Ef gjafþegi er lögaðili skal hann sæta 21% eða 38,4% skattlagningu eftir því hvert form hans er.

Lífeyrispegar búsettir erlendis

Þann 1. janúar 2025 gengur í gildi sú breyting að menn sem heimilisfastir eru erlendis, og bera af þeim sökum aðeins takmarkaða skattskyldu á Íslandi, skulu ekki njóta persónuafsláttar við ákvörðun tekjuskatts af eftirlaunum og lífeyrisgreiðslum frá Íslandi.



Vistvæn farartæki

Vsk. ívilnun af raf-, vetnis og tengiltvinnbifreiðum féll niður 31. desember 2023.

Tekið upp nýtt stuðningskerfi fyrir kaup á rafbílum.

- › Styrkhæf ökutæki eru hreinorkutæki og losunarfrí ökutæki.
- › Styrkhæfi nær til fólksbíla í flokki M1, þ.m.t. leigubifreiðar og bílaleigubílar og sendibíla í flokki N1.
- › Ný ökutæki í flokki M1 að kaupverðmæti undir 10 m.kr. eru styrkhæf að 900.000 kr. og í flokki N1 að 500.000 kr.

Heimild til niðurfellingar virðisaukaskatts af rafmagns- og vetnisbifhjólum, léttum bifhjólum og reiðhjólum sem ganga fyrir rafmagni var framlengd til loka árs 2024.



Bifreiðaflokkur

Aldur

Styrkuppþæð

Fólksbíll	Nýskráðir eftir 1. janúar 2024	900.000 kr.
Sendibíll	Nýskráðir eftir 1. janúar 2024	500.000 kr.
Fólksbíll	Innan við 1 ár	700.000 kr.
Fólksbíll	1-2 ár	600.000 kr.
Fólksbíll	2-3 ár	500.000 kr.
Fólksbíll	3-4 ár	400.000 kr.
Sendibíll	Innan við 1 ár	400.000 kr.

Undanþegið skattskyldu

Styrkir sem einstaklingar utan rekstrar fá úr Orkusjóði á árinu 2024 til kaupa á hreinorkubifreiðum.

Eftirgjöf vaxta og verðbóta af lánum til kaupa eða byggingar íbúðarhúsnæðis til eigin nota vegna nóvember og desember 2023 og janúar 2024 sökum náttúruhamfara í Grindavík.

- › Eftirgjöfin tekur til vaxta og verðbóta af allt að 50 milljón króna lánsfjárhæð, hvort heldur um er að ræða einhleyping, hjón eða annað samskattað fólk.



02

Rekstraraõilar

Kaupréttir í sprotafyrirtækjum

Tekjur af kaupréttum starfsmanna, stjórnarmanna og sjálfstætt starfandi manna skulu að tilteknum skilyrðum uppfylltum skattlagðar sem fjármagnstekjur.

Í gildistökuákvæði var mælt fyrir um að skattaleg meðferð tekna að kaupréttum hluta í sprotafyrirtækjum kæmi ekki til framkvæmda fyrr en fyrir lægi niðurstaða ESA um hvort ákvæðið samrýmdist EES-reglum um ríkisaðstoð.

- › Samkvæmt upplýsingum úr fjármála- og efnahagsráðuneytinu liggur niðurstaða ESA enn ekki fyrir.



Hitt og þetta

Kostnaðarverð eigna sem heimilt er að færa til gjalda sem fyrningu í einu lagi á því ári sem eignarinnar er aflað var hækkað úr 250.000 kr. í **600.000 kr.**

Kveðið var á um að óheimilt sé að gjaldfæra sem rekstrarkostnað gjafir og greiðslur sem ólögmætar eru samkvæmt hegningarlögum (**mútur**).

Við tekjuskattslög var aukið nýju bráðabirgða-ákvæði um frádráttarrétt **breskra félaga** á móti fengnum arði frá Íslandi þar til gildi tekur breyting á tvísköttunarsamningi ríkjanna eða nýr samningur þeirra.

Sú breyting var gerð á málsmeðferðarreglum við afgreiðslu skatterinda að ekki þarf að gefa skattaðila kost á andmælum ef ríkisskattstjóri fellst að öllu leyti á erindi hans. Á það jafnt við um skatterindi sem varða tekjuskatt og virðisaukaskatt.

Brottfelling af vsk.skrá - Synjun um skráningu á vsk.skrá

Ríkisskattstjóra er heimilt að **fella** aðila af virðisaukaskattsskrá:

- › Hafi hann ekki orðið við ítrekaðri beiðni um að leggja fram gögn og upplýsingar um rekstur sinn.
- › Hafi hann sætt áætlun virðisaukaskatts í tvö uppgjörstímabil eða fleiri eða er í vanskilum með álagðan virðisaukaskatt.
- › Hafi hann sætt áætlun opinberra gjalda, eða er í vanskilum með þau gjöld og ekki liggur fyrir gild greiðsluáætlun við innheimtumann vegna vanskilanna.

Ríkisskattstjóra er heimilt að **synja um skráningu** á virðisaukaskattsskrá:

- › Ef skattaðilinn er í vanskilum með opinber gjöld vegna einhvers síðast liðinna þriggja tekjuára.
- › Ef skattaðili hefur ekki gert fullnægjandi skil á virðisaukaskattsskýrslum og virðisaukaskatti fyrri uppgjörstímabila.

Kveðið var á um að ef skattaðili er að nýju skráður á virðisaukaskatt, eftir að ríkisskattstjóri hefur úrskurðað hann af skrá af framangreindum ástæðum, þá skuli hann gera upp virðisaukaskatt fyrir hvern mánuð í senn a.m.k. næstu tvö árin. Gjald dagi er 15 dögum eftir lok uppgjörstímabils.

Tekjuskattur lögaðila

Skatthlutfall lögaðila, sem bera ótakmarkaða skattskyldu á Íslandi, vegna tekna ársins 2024 var hækkað sem hér segir:

- › Félaga með takmarkaðri ábyrgð eigenda (hf., ehf., slhf., gt. og svf.) úr 20% í **21%**.
- › Annarra lögaðila úr 37,6% í **38,4%**.

Um tímabundna hækkun er að ræða sem tekur aðeins til tekna ársins 2024.



Lögaðilar með takmarkaða skattskyldu á Íslandi

Skatthlutfall lögaðila, sem bera takmarkaða skattskyldu á Íslandi, vegna tekna á árinu 2024 var hækkað sem hér segir:

- › Af greiðslum fyrir þjónustu innta af hendi á Íslandi úr 20% í 21% og úr 37,6% í 38,4% eftir formi lögaðilans.
- › Af hagnaði fastrar starfsstöðvar á Íslandi úr 20% í 21% og úr 37,6% í 38,4% eftir formi lögaðilans.
- › Af tekjum af fasteign á Íslandi úr 20% í 21% óháð formi lögaðilans.
- › Af tekjum af hlutabréfum úr 20% í 21% óháð formi lögaðilans.
- › Af vöxtum úr 12% í 13% óháð formi lögaðilans.
- › Af tekjum af afleiðusamningum úr 20% í 21% óháð formi lögaðilans.
- › Af gjöfum úr 20% í 21% og úr 37,6% í 38,4% eftir formi lögaðilans.

Gistináttaskattur

Gistináttaskattur af hverri gistináttaeiningu er sem hér segir:

- › 300 kr. fyrir gistaðstöðu á tjaldstæði og á stæði fyrir húsbíla, tjaldvagna, fellihýsi og hjólhýsi.
- › 600 kr. fyrir gistaðstöðu á gististað í flokkum II-IV skv. lögum nr. 85/2007.
- › 1.000 kr. fyrir gistaðstöðu um borð í skemmtiferðaskipi staðsettu innan íslenskrar tollalögsögu.



03

Skattmat

Gjafir

Peningagjafir launagreiðanda til starfsmanna teljast **alltaf** til skattskyldra tekna viðtakanda, hvort sem gjöfin er í beinhörðum peningum, innleggi á bankareikninga eða afhendingu á bankakorti.

Til **tækifærisgjafa** teljast starfsafmæli í heilum tug og stórafmæli starfsmanna í heilum tug.

Ekki skal telja til tekna hlunnindi og fríðindi sem felast í ýmsum viðurgjörningi við starfsmenn eins og t.d. árshátíð, starfsmannaferðum, jólagleði og sambærilegum samkomum og viðburðum **sem og glaðning, t.d. í kringum hátíðir**, enda sé að jafnaði um að ræða **upplýtingu og góðgerðir** sem standi öllum starfsmönnum launagreiðandans til boða og árlegur kostnaður af þeim nemi ekki hærri fjárhæð en 175.000 kr. á hvern starfsmann.



Bifreiðahlunnindi

Ársumráð bifreiða sem knúnar eru með jarðefnaeldsneyti miðast við **28%** af upphaflegu kaupverði bifreiðarinnar.

Ársumráð bifreiða sem knúnar eru með rafmagni, vetni eða metan miðast við **25%** af upphaflegu kaupverði bifreiðarinnar.

- › Ef starfsmaður hleður rafmagnsbifreið á eigin kostnað skal miða við **24%** af verði bifreiðarinnar.

Ef starfsmaður greiðir sjálfur rekstrarkostnað bifreiðar skal lækka hlutfall hlunninda um **6%** af verði bifreiðar sem knúin er með jarðefnaeldsneyti og um **3%** af verði bifreiðar sem knúin er með rafmagni, vetni eða metan.



Húsnæðishlunnindi

Í matsreglum um húsnæðishlunnindi er greinarmunur gerður á:

Annars vegar **afnotum starfsmanna á húsnæði launagreiðanda síns.**

Hins vegar **ótakmörkuðum umráðum forráðamanna fyrirtækis á húsnæði þess.**

Þessi tvígreining var fyrst sett fram í matsreglum fyrir tekjuárið 2022.



Afnot starfsmanna af húsnæði

Meta skal starfsmanni til tekna endurgjaldslaus **afnot** hans af „íbúðarhúsnæði, orlofshúsnæði og annars konar húsnæði eins og t.d. hestúsi,“ sem launagreiðandi lætur honum í té.

Ekki skal telja til tekna húsnæðisafnot í verbúð eða vinnubúðum sem starfsmaður dvelur í um takmarkaðan tíma í þjónustu launagreiðanda.

Ekki teljast til tekna starfsmanns endurgjaldslaus afnot starfsmanns af **frístundahúsnæði** frá launagreiðanda í **10 daga** eða færri á ári.

- › Í matsreglunum kemur fram að með frístundahúsnæði sé átt við sumarbústaði og annað húsnæði sem ætlað er til slíkrar notkunar, þ.m.t. íbúðir í þéttbýli.
- › Hjólhýsi, fellihýsi, tjaldvagnar og aðrir tengivagnar sem töldust áður til orlofshúsnæðis eru nú í kaflanum um önnur vélknúin ökutæki og ársumráð miðast við 28% af upphaflegu kaupverði.

Umráð forsvarsmanna rekstraraðila yfir fasteignum

Eigendur fyrirtækja, framkvæmdastjórar þeirra og aðrir í sambærilegum störfum, sem og stjórnarmenn félaga, skulu ætíð teljast hafa full og ótakmörkuð **umráð** yfir þeim fasteignum sem þeim eru láttnar í té og þeir hafa til einkanota umfram tíu daga á ári.

Meta skal til tekna endurgjaldslaus umráð forráðamanna yfir „íbúðarhúsnæði, frístundahúsnæði, hesthúsi, iðnaðarhúsnæði eða öðru húsnæði, hvort sem er innanlands eða erlendis,“ sem fyrirtækið lætur þeim í té.



Skattmat umráða forráðamanns

Árleg hlunnindi eigna á Íslandi skulu metin til tekna sem 5% af kaupverði fasteignar í bókum fyrirtækisins, að viðbættum eignfærðum endurbótum á eigninni.

- › Ef fasteignamat eignarinnar í lok næstliðins árs er hærra en upphaflegt kaupverð, ásamt fjárhæð eignfærðra endurbóta, skal miða við fjárhæð fasteignamatsins.
- › Færa má niður kaupverð fasteignar og eignfærðar endurbætur um 3% á ári eftir kaupár, uns samanlagðar niðurfærðar fjárhæðir kaupverðs og endurbóta eru jafnar fasteignamati þess árs sem þá á við. Frá þeim tíma skal miða við fasteignamat.

Árleg hlunnindi eigna utan Íslands skuli metin til tekna sem jafngildi 5% af kaupverði fasteignar, að viðbættum eignfærðum endurbótum.

Ef forráðamaður greiðir fyrir umráðin skal greiðslan koma til lækkunar á matsfjárhæð.

Ef húsnæðið er leigt út til annarra, ótengdra aðila, skal lækka ársumráð forráðamanns sem því leigutímabili nemur.


Ekki skal reikna hlunnindi af hverri eign á fleiri en einn aðila hverju sinni.

Skattskil fyrirtækisins

Af dóma- og úrskurðafordæmum verður ráðið að félagi er **óheimilt** að gjaldfæra í skattskilum vaxtakostnað og rekstrarkostnað, þ.m.t. fyrningar, vegna öflunar og eignarhalds á íbúðarhúsum og frístundahúsum sem notuð eru af hluthöfum, forráðamönnum eða fólki nátengdu þeim.

Á það eins við þótt notandi greiði leigugjald fyrir eða honum eru reiknuð hlunnindi til tekna fyrir afnotin.

Dómar Hæstaréttar í málum nr. 344/2005 og 44/2007 og úrskurðir yfirskattanefndar nr. 115/2016, 74/2017, 159/2019, 84/2020, 92/2020 og 104/2020.



KPMG